

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 78/2010**

**frá 11. júní 2010**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Með hliðsjón af upptöku laga um sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðið í samninginn og því mikilvæga hlutverki sem SESAR-verkefnið gegnir fyrir framtíðarþróun framkvæmdarráðstafana á því sviði og með hliðsjón af þátttöku EFTA-ríkjanna í opinberri fjármögnun verkefnisins í krafti aðildar að 7. rammaáætluninni um rannsóknir og þróun, er rétt að hvetja til viðeigandi samstarfs samningsaðilanna um málefni sem starfsemi sameiginlegs SESAR-fyrirtækis tekur til, eins og fram kemur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) <sup>(2)</sup> til að hvetja hagsmunaaðila frá EFTA-ríkjunum til þátttöku í SESAR-verkefninu.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir mgr. 8a í 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) bókunar 31 við samninginn:

- „8b. Samningsaðilar skulu hvetja til viðeigandi samstarfs milli þar til bærra samtaka, stofnana og annarra aðila á svæðum sínum til að hvetja hagsmunaaðila frá EFTA-ríkjunum til þátttöku í SESAR-verkefninu á jafnræðisgrundvelli við hagsmunaaðila frá aðildarríkjum ESB, þar á meðal í starfsemi sameiginlega SESAR-fyrirtækisins í samræmi við reglugerðina sem er því til grundvallar <sup>(1)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 65, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1.

EFTA-ríkin taka fullan þátt, þó án atkvæðisréttar, í nefnd um sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðið sem er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til aðstoðar við stjórnun, mótun og framkvæmd á starfsemi sameiginlega SESAR-fyrirtækisins.

(<sup>1</sup>) **32007 R 0219**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) (Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

fórmaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.